

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.03.2016 8. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Marsmánuður er núna framundan með nýjum og spennandi verkefnum. Árshátíðin gekk ljómandi vel og getum við verið stolt af okkar hæfileikaríka fólki.

Þann 16. mars fer fram Norðurlandsriðillinn í Skólahreysti. Þar á Síðuskóli titla að verja þar sem við höfum náð þeim ótrúlega árangri að vinna þennan riðil síðustu þrjú árin. Við vorum svo heppin að ná rauða litnum og munum við leyfa 7.-10. bekk að fara í Höllina og hvetja okkar fólki. Keppnin hefst kl. 13.00.

Við höfum fengið úthlutað útivistardegi í Hlíðarfjalli en það er fimmtudagurinn 17. mars. Við vonum svo sannarlega að veðrið verði okkur hliðhollt þennan dag og blessuð sólin vermi okkur það er svo notalegt að sjá hana rísa dag frá degi. Nauðsynlegt er að fylgjast með fréttum á heimasíðunni en við munum setja inn á hana ef breytingar verða.

Í lok mánaðarins tekur svo páskaleyfið við og eftir það fer nú verulega að styttest í vorið. Skóli hefst að nýju eftir páskaleyfi þann 29. mars og tótrúlegt en satt þá tekur við síðasta lotan á þessu skólaári.

Bestu kveðjur úr skólanum!

Ólöf Inga

Einkunnarorð marsmánaðar er:

VIRÐING

Við virðum að ekki eru allir eins og hafa mismunandi færni.

Skólahreysti:

Miðvikudaginn 16. mars n.k. kl. 13.00 fer úrslitakeppni milli skóla á Norðurlandi fram í íþróttahöllinni.

SPEKI DAGSINS

„Tíminn er dýrmætasta gjöfin. Gefðu öðrum af tíma þínum, þá hefurðu varið honum vel.“

Á döfinni í mars:

7. mars	Stóra upplestrarkeppnin í 7.bekk Síðuskóla
16. mars	Norðurlandsriðill í Skólahreysti
17. mars	Útivistardagur (gæti breyst vegna veðurs)
18. mars - 28. mars	Páskafri

Páskafri nemenda hefst föstudaginn 18. mars og hefst kennsla að loknu páskafrii þriðjudaginn 29. mars.

Fréttabréf Síðuskóla er sent í tölvu-
pósti til nemenda og forráðamanna
þeirra.

Árshátíð Síðuskóla 2016

Árshátíð Síðuskóla var haldin dagana 25. og 26. febrúar sl. og var glæsilegt í alla staði. Undirbúningur og æfingar höfðu staðið vikum saman og atriðin hjá bekkjunum voru glæsileg. Nemendur og starfsfólk lögðu mikla vinnu í árshátíðina og gaman var að sjá hversu vel allir skemmtu sér, bæði þeir sem komu að sjá og einnig þeir sem sýndu, þegar sýningardagurinn rann loksins upp og hægt var að sýna afrakstur vinnunnar. Sýningarnar urðu alls sex, og voru allar mjög vel heppnaðar. Mikið var tekið af myndum og hérna látum við nokkrar vel valdar myndir fylgja með frá þessum skemmtilegu dögum...



Bergur Unnar Unnsteinsson, nemandi í 10. SJ í Síðuskóla, fór á Norðurlandamót í sundi á dögunum og gekk alveg glimrandi vel. Bergur hlaut m.a. gullverðlaun fyrir boðsund og hér meðfylgjandi er mynd af honum með gullverðlaunin sín.

Við óskum Bergi Unnari til hamingju með árangurinn!



MATSEÐILL - mars 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. Hakkað buff, kartöflur, lauksósa, grænmeti	2. Fiskur í karrýkókósraspi, kartöflur, grænmeti,	3. Kjúklingur, hrísgrjón, maísbaunir, sósa	4. Skeyr, smurt brauð, ávextir
7. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	8. Hamborgarar, kartöflustrá, sósa VAL NEMENDA	9. Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti, salatbar	10. Lambagúllas, kartöflu-mús, grænar baunir	11. Pasta, sósar, brauð, grænmeti
14. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	15. Slátur, kartöflumús, ávextir	16. Píta með hakki, grænmeti, sósa	17. Súpa, brauð, ávextir	18. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
21. Páskafri - matur aðeins í frístund.	22. Páskafri - matur aðeins í frístund.	23. Páskafri - matur aðeins í frístund.	24. Skírdagur — fri í skólanum	25. Föstudagurinn langi— fri í skólanum
28. Annar í páskum—fri í skólanum	29. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, kar-rýsósa	30. Kjötsúpa	31. Soðinn fiskur, kartöflur, salatbar	